

1866.

22. ágúst.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lán, sem Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu var veitt árið 1861.

Í bréfi dagsettu 2. októbermán. f. á. bað dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, um að senda sér nákvæman reikning með tilheyrilegum skýrteinum um lán það, 4055 rd. 95 sk. að upphæð, sem ymsum hreppum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu var veitt, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 12. septembermán. 1861 til þess að kaupa korn fyrir, og átti reikningurinn að vera svo saminn, að hann sýndi, hversu mikið hver hreppur hefir borgað bæði í rentur og uppi skuldina, og hversu mikið enn er óborgað.

Því næst hafði þér, herra stiptamtmaður, með bréfi dagsettu 7. febrúarmán. þ. á., sent hingað tvo reikninga um lán þetta; er annar þeirra merktur með staflíð A og hinn með staflíð B, og hafði þér tekið fram, að nokkur hluti af kornmatnum, sem hér ræðir um, hafi verið úti látinn fyrir 9 rd. tunnan, og hinn hlutinn fyrir 10 rd. tunnan. Í reikningnum, sem merktur er með staflíð A, hafði þér, þá er þér hafði reiknað út skuld hvers einstaks hrepps, lagt til grundvallar meðalverðið á kornmatnum, án þess að hafa tillit til, hvenær hann hefir verið útlátinn, en í reikningnum staflíð B hafði þér lagt til grundvallar þá upphæð, sem það korn í raun og veru hefir kostað, er hver hreppur hafði fengið, og hafði þér getið þess, að yður finnist að taka eigi hina síðari reikningsaðferðina fram yfir hina.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um það, að þegar reiknuð er út skuld hvers hrepps útaf fyrir sig, á að eins að hafa tillit til, hversu mikið hann í raun og veru hafi fengið útlátið, sumpart í kornmat eptir því verði, sem á honum var, þegar hann var útlátinn, og sumpart í peningum eða öðrum vörum, og að það því á að leggja hina síðarumgetnu reikningsaðferðina til grundvallar, þegar reikningurinn er saminn. Af þessu leiðir á hinn bóginn, að kaupmaður sá, sem hafði tekizt á hendur að láta kornið úti, ekki getur krafizt að

1866.

22. ágúst.

fá endurgoldið meira fê, en hann í raun og veru hefir látið vörur af hendi fyrir eða goldið í peningum, og á hann því að borga aptur þá 4 rd. 23 sk., sem hann hefir fengið um of eptir reikningi yðar. Stjórnarráðið fellst þar að auki eptir mála-vöxtum á það, að þá er þér hafið reiknað út renturnar, sem ógoldnar eru af láninu, hafið þér reiknað þær frá 1. aprílmán. 1862, og að þér í reikningnum hafið tilgreint það, sem borgað hefir verið sem borgun uppí rentur þær, sem þá voru komnar í gjalddaga, og því að eins sem borgun uppí höfuðstólinn, að það hafi verið meira en renturnar. Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðinu hefir ekki fundizt vera tilefni til, eins og málefni þetta er komið enn sem er, að láta yfirskoða reikning þann, sem þér hafið samið, og að vèr vonumst eptir, að þér, þegar þér leiðið reikninginn til lykta, gjörið breytingar þær á honum, sem bréf þetta gefur tilefni til.

Fylgiskjölin, sem þér hafið sent hingað með reikningunum, eru yður send aptur, svo að þér getið notað þau, og vonumst vèr eptir að þér síðan sendið þau hingað aptur.

11. sept.

76. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-mannsins yfir Íslandi, um styrk handa lestrarfélagi í Strandar hrepp.

Dómsmálastjórnin hefir afhent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 16. aprílmán. þ. á.; í henni sækja forstöðumenn lestrarfélags nokkurs í Strandar hrepp í Borgarfjarðarsýslu um styrk til að kaupa bækur fyrir. Um það skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið hlutaðeigendum það, að stjórnarráðið getur ekki veitt það; sem sókt hefir verið um.